

Sáttargerð vegna brots á 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Þann 8. janúar 2010 gerðu Fjármálaeftirlitið og Arev verðbréfafyrirtæki hf. með sér sátt vegna brots Arev á 2. mgr. 52. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

Með sáttinni gekkst Arev við því að hafa brotið gegn 2. mgr. 52. gr. nefndra laga, með því að nota orðið „fjárfestingarsjóður“ við kynningu á fagfjárfestasjóðum félagsins á heimasíðu þess.

Í 2. mgr. 52. gr. laganna segir að fjárfestingarsjóðum sé einum heimilt að nota í heiti sínu eða til nánari skýringar á starfsemi sinni orðið „fjárfestingarsjóður“.

Með vísan til framangreinds, atvika máls að öðru leyti, 69. gr. laga nr. 30/2003 og reglna nr. 1245/2007 um heimild Fjármálaeftirlitsins til að ljúka máli með sátt, var það mat Fjármálaeftirlitsins að fjárhæð sáttarinnar væri hæfilega ákveðin kr. 500.000,-.